



Akureyrarbær

Matvælaráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Akureyri, 5. febrúar 2025  
2025011335 / 01-704

**Efni:** Byggðakvóti handa Hrísey og Grímsey - fiskveiðiárið 2024-2025

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum þann 4.2.2025 gert eftirfarandi bókun:

Liður 4 í fundargerð bæjarráðs dagsettri 30. janúar 2025:

Lagt fram erindi dagsett 22. janúar 2025 frá matvælaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til Grímseyjar og Hríseyjar fiskveiðiárið 2024-2025. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 21. febrúar nk. að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum um byggðakvóta í einstökum byggðarlögum.

Bæjarráð óskar eftir því að veitt verði undanþága í 6. gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 nr. 819/2024. Óskað er eftir því að vinnsluskylda á byggðakvóta verði felld niður í sérreglum Akureyrarbæjar um úthlutun byggðakvóta í Grímsey.

Rökin fyrir beiðninni eru einkum þau að Grímsey hefur verið skilgreind sem brothætt byggð og í dag er engin vinnsla starfandi í Grímsey en landaður afli er umtalsverður og er hann fluttur í burtu til vinnslu í landi.

Ekki hefur verið talinn grundvöllur til að reka vinnslu í eyjunni með það magn sem þar kemur á land í dag. Í dag eru nánast allir þeir sem stunda sjósókn og landa í Grímsey búsettir í eyjunni og allar útgerðirnar sem þar landa eru með lögheimili í eyjunni. Það þjónar hagsmunum byggðarinnar í Grímsey að vinnsluskyldan verði felld niður í ljósi núverandi stöðu annars yrði engum byggðakvóta úthlutað í eyjunni.

Ekki er óskað eftir breytingum á reglugerð um úthlutun byggðakvóta í Hrísey.



Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar.

Heimir Örn Árnason kynnti.

*Bæjarstjórn staðfestir ósk bæjarráðs um sérreglur vegna byggðakvóta í Grímsey með 11 samhljóða atkvæðum og felur bæjarstjóra að senda bókun bæjarráðs til matvælaráðuneytis.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd bæjarstjóra

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
sérfræðingur í skjala- og vefmálum